



## Fundargerð

237. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 21. febrúar 2018 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Karl Lauritzson, Sigríður Sigmundsdóttir, Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi:

### Dagskrá:

1. a) Endurskoðunarskýrsla HEF 2017 b) Bókun bæjarráðs frá 19.02.2018
2. Undirritun ársreiknings
3. Innkomin erindi
4. Önnur mál

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

### 1. a) Endurskoðunarskýrsla HEF 2017, b) Bókun bæjarráðs frá 19.02.2018

Magnús Jónsson frá KPMG sat fundinn undir þessum lið.

- a) Magnús fór yfir og kynnti endurskoðunarskýrslu HEF 2017.
- b) Lögð fram bókun bæjarráðs frá 19.02.2018 varðandi ráðstöfun hagnaðar HEF ehf. 2017.

Stjórn Hitaveitu Egilsstaða og Fella ehf. leggur til að ekki verður greiddur arður til hluthafa 2018 vegna rekstrarársins 2017, en vísar að öðru leiti til ársreiknings um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningi.

Tillagan borin upp og samþykkt samhljóða.

### 2. Undirritun ársreiknings

Magnús Jónsson frá KPMG sat fundinn undir þessum lið.

Magnús fór yfir þær minniháttar breytingar sem gerðar hafa verið á reikningum frá því drög voru lögð fram á síðast fundi.

Helstu tölur úr ársreikningi 2016 og 2017:

	2017	2016
<b>Rekstrartekjur</b>	<b>400.913.190</b>	<b>386.897.799</b>
<b>Rekstrargjöld</b>	<b>160.512.317</b>	<b>155.227.084</b>
<b>Rekstrarhagnaður (-tap) (EBITDA)</b>	<b>240.400.873</b>	<b>231.670.715</b>
<b>Afskriftir</b>	<b>79.635.262</b>	<b>77.921.774</b>



<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði</b>	<b>160.765.611</b>	<b>153.748.941</b>
<b>Hrein fjármagnsgjöld</b>	<b>49.384.866</b>	<b>13.925.976</b>
<b>Hagnaður fyrir tekjuskatt</b>	<b>107.903.298</b>	<b>137.909.599</b>
<b>Hagnaður ársins</b>	<b>97.263.167</b>	<b>136.511.881</b>
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<b>1.988.596.456</b>	<b>1.975.815.799</b>
<b>Langtímaskuldir</b>	<b>1.091.448.889</b>	<b>1.181.963.311</b>
<b>Eiginfjárhlutfall</b>	<b>38%</b>	<b>33,7%</b>

Ársreikningur 2017 borinn upp og staðfestur með undirritun stjórnar og framkvæmdastjóra.

Magnús yfirlag fundinn kl 13:15

### 3. Innkomin erindi

Lagt er fram svarbréf dags 12.02.2018 frá Orkustofnun varðandi kvörtun HEF ehf. vegna skilgreiningar á mörkum dreifbýlisgjaldskrár vegna dreifingar raforku.

Niðurstaða Orkustofnunar er:

Í ljósi þess að ekki hafa verið lagðar fram nýjar málsástæður eða rök sem eru til þess fallin að breyta fyrri afstöðu Orkustofnunar í framangreindu máli Fljótsdalshéraðs er niðurstaða Orkustofnunar varðandi umrætt gjaldskrársvæði óbreytt. Orkustofnun lítur svo á að RARIK hafi heimild að lögum til að fella iðnaðar- og athafnasvæðið við Fellabæ er í samræmi við ákvæði 1. tölul. 6. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga (með síðari breytingum).

Stjórn er sammála að fela lögfræðingi félagsins að áfrýja málinu til úrskurðarnefndar raforkumála.

### 4. Önnur mál

- Framkvæmdastjóri sagði frá fundi í gær sem hann sat í fagráði fráveitna.
- Gunnar spurði um gang mála varðandi vatnsveitu á Iðavallasvæði. Verkefnið er í vinnslu og vonandi tekst að leggja gögn fyrir stjórn í byrjun mars n.k.
- Áréttað er að aðalfundur HEF ehf. verður haldin fimmtudaginn 1. mars 2018 kl. 17:00 og stjórnarfundur fyrir aðalfundinn verður kl. 16:00.

Fundargerðin upplestin, samþykkt og fundi slitið kl. 13:47.

Fundargerð ritaði Skúli Björnsson